

ÁKÆRA

Saksóknari við embætti sérstaks saksóknara samkvæmt lögum nr. 135/2008

gjörir kunnugt:

að höfða ber sakamál fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur á hendur:

Lárusi Welding, kt. 111276-4399, búsettum í Bretlandi, og
Guðmundi Hjaltasyni, kt. 241063-5509, Lálandi 7, Reykjavík,

fyrir umboðssvik, með því að hafa, 8. febrúar 2008, í störfum sínum, Lárus sem forstjóri og Guðmundur sem framkvæmdastjóri fyrirtækjasviðs Glitnis banka hf., kt. 550500-3530, báðir meðlimir í áhættunefnd bankans, misnotað aðstöðu sína og stefnt fé bankans í stórfellda hættu með lánveitingu bankans til Milestone ehf., kt. 640388-1109, í formi peningamarkaðsláns að fjárhæð 102.162.470,12 evra, sem samsvaraði 10.019.073.445 krónum á sölugengi evru á útborgunardegi, án trygginga eða ábyrgða og andstætt almennum reglum Glitnis banka hf. um lánveitingar og markaðsáhættu um hámark heildarlánveitinga til einstaks aðila og aðila honum tengdum. Lánið átti að endurgreiða í einu lagi 11. febrúar 2008 ásamt 7,55 % ársvöxtum. Ákærðu samþykktu lánveitinguna utan funda áhættunefndar og rituðu undir lánsamninginn fyrir hönd Glitnis banka hf. Á þessum tíma var Milestone ehf. skilgreint í áhættumatsflokk 4 samkvæmt áðurnefndum reglum sem fól í sér að ákærðu, sem meðlimir áhættunefndar, gátu einungis heimilað lánveitingar til félagasamstæðu Milestone ehf., er rúmuðust, ásamt eldri lánnum samstæðunnar, innan 17% af eigin fé (CAD) Glitnis banka hf. sem var á þeim tíma 225,576 milljarðar króna. Með ákvörðun sinni um lánveitinguna fóru ákærðu út fyrir heimildir sínar þannig að heildarlánveitingar félagasamstæðu Milestone ehf. fóru úr 32,4 í 42,4 milljarða króna eða úr 14,36% í 18,80% af eigin fé (CAD) bankans og þar með um 4,1 milljarð króna umfram heimildir.

Í samræmi við ákvörðun ákærðu var lánsfjárhæðinni ráðstafað 8. febrúar 2008 inn á evru reikning Milestone ehf. númer 515-38-71052 hjá Glitni banka hf. Milestone ehf. ráðstafaði sama dag andvirði lánsins til greiðslu á láni Þáttar International ehf. hjá Morgan Stanley bankanum, sem hafði verið gjaldfellt og þurfti að greiða fyrir klukkan 15:00 þennan sama dag, en Þáttur International var einkahlutafélag innan félagasamstæðu Milestone ehf.

Hinn 12. febrúar 2008 millifærði Glitnir banki hf. 102.162.470,12 evra inn á bankareikning Milestone ehf. hjá bankanum og síðar sama dag millifærði bankinn sömu fjárhæð til baka. Um var að ræða andvirði láns sem Glitnir banki hf. veitti Vafningi ehf., kt. 470208-0580, án trygginga, en lánið var 103.718.244 evrur að meðtöldum lántökukostnaði. Hinn 29. febrúar 2008 greiddi Svartháfur ehf., kt. 680108-1020, til Vafnings ehf. 50 milljónir evra, sem voru fjármunir sem félagið fékk að láni frá Glitni banka hf. sama dag og var fjárhæðin færð til lækkunar á láni bankans til Vafnings ehf. frá 12. febrúar 2008. Eftirstöðvar lánsins að nafnvirði 53.718.244 evra hafa ekki verið endurheimtar frá Vafningi ehf. Þeirri stórfelldu fjártjónshættu sem ákærðu sköpuðu Glitni banka hf. með lánveitingunni 8. febrúar 2008 var því ekki afstýrt með þeirri ráðstöfun að færa skuldbindinguna yfir á Vafning ehf. 12. febrúar 2008.

Telst háttsemi ákærðu Lárusar Welding og Guðmundar Hjaltasonar varða við ákvæði 249. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist að ákærðu verði dæmdir til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Röksemdir sem málsóknin er byggð á, sbr. d-lið 1. mgr. 152. gr. laga nr. 88/2008.

Aðstaða ákærðu:

Ákærði Lárus Welding, var forstjóri Glitnis banka hf. (hér eftir Glitnir) en ákærði Guðmundur Hjaltason framkvæmdastjóri fyrirtækjasviðs bankans á þeim tíma sem lánið var veitt. Þeir sátu ásamt þremur öðrum í áhættunefnd bankans sem fór með æðsta vald í lánamálum innan bankans í umboði stjórnar. Meginreglan var að áhættunefndin samþykkti lánveitingar á fundum. Vegna undanþáguheimildar um að tveir nefndarmenn áhættunefndar gætu tekið ákvörðun um lánveitingu utan funda nefndarinnar voru ákærðu í raunverulegri aðstöðu til að samþykkja og ganga frá umræddri lánveitingu til Milestone ehf. Heimildir áhættunefndar, og þar með heimildir ákærðu til ákvarðanatöku um lánveitingar utan funda, takmörkuðust þó af almennum reglum Glitnis um lán og markaðsáhættu sem stjórn bankans setti 2. október 2007.

Tilgangur lánveitingarinnar:

Vegna gjaldfellingar Morgan Stanley á láni Þáttar International ehf., félags innan fyrirtækjasamstæðu Milestone ehf., sem tilkynnt var 28. janúar 2008 að væri yfirvofandi, undirbjuggu forsvarsmenn Glitnis og Milestone ehf. lánveitingu bankans til félags ótengdu Milestone ehf. Tilgangur lánveitingarinnar var að gera Þætti International ehf. mögulegt að endurgreiða Morgan Stanley bankanum lánið sem hafði verið gjaldfellt 5. febrúar 2008, miðað við kl. 15:00 þann 8. febrúar 2008, en fyrirsjáanlegt var að Morgan Stanley gengi að hlutabréfaeign Þáttar International ehf. í Glitni, sem stóð að veði fyrir fjárskuldbindingunni og hlutaféð færi þar með á almennan hlutabréfamarkað með hættu á verðfalli hlutabréfa í Glitni.

Áhættunefnd Glitnis hafði á fundi sínum 6. febrúar 2008 samþykkt lánveitingu að fjárhæð um 100 milljónir evra til óstofnaðs félags/Þáttar International ehf. í þessu skyni. Þar sem ekki reyndist mögulegt að ganga frá lánveitingu til félags utan félagasamstæðu Milestone tóku ákærðu ákvörðun um að lána Milestone ehf. 102.162.470,12 evrur 8. febrúar 2008 sem samsvaraði 10.019.073.445 krónum miðað við skráð sölugengi evru í Seðlabanka Íslands þann dag.

Misnotkun á aðstöðu:

Byggt er á því að ákærðu hafi, sem meðlimir áhættunefndar Glitnis, farið út fyrir heimildir sínar og starfsumboð þegar þeir tóku ákvörðun um lánveitingu bankans til Milestone ehf. 8. febrúar 2008, í formi peningamarkaðsláns að fjárhæð 102.162.470,12 evra, þar sem lánveitingin rúmaðist ekki innan þeirra heimilda sem áhættunefndin hafði samkvæmt þeim heildarútlánamörkum sem fram koma í 4. kafla almennra reglna bankans um lánveitingar og markaðsáhættu sem samþykktar voru af stjórn bankans 2. október 2007. Á þessum tíma var Milestone ehf. skilgreint í áhættumatsflokk 4 samkvæmt almennum reglum Glitnis um lánveitingar og markaðsáhættu. Það fól í sér að ákærðu sem meðlimir áhættunefndar Glitnis gátu einungis heimilað lánveitingar til félagasamstæðu Milestone, er rúmuðust ásamt öðrum og eldri lánnum samstæðunnar innan 17% af eigin fé (CAD) Glitnis sem nam 225,576 milljörðum íslenskra króna samkvæmt síðasta ársfjórðungsuppgjöri bankans 31. desember 2007, sem var um leið ársreikningur bankans. Með ákvörðun sinni um lánveitinguna 8. febrúar 2008 fór áhætta bankans upp fyrir 17% viðmiðunarmörk um hlutfall af eigin fé bankans í heildarlánveitingu til félagasamstæðu Milestone ehf., eða úr 14,36% upp í alls 18,8%. Ákærðu gátu sem meðlimir áhættunefndar bankans tekið ákvörðun um alls 38.3 milljarða króna lánveitingar til félagasamstæðu Milestone ehf., án þess að þurfa að vísa slíku lánamáli til umfjöllunar og ákvörðunar stjórnar Glitnis. Hinn 8. febrúar 2008 nam heildarstaða útlána Milestone ehf. og félaga innan félagasamstæðu Milestone ehf., alls um 32,4 milljörðum króna. Með ákvörðun um lánveitinguna 8. febrúar 2008, að jafnvirði um 10 milljörðum króna, var brotið gegn reglum bankans og farið 4,1 milljarð króna út fyrir gildandi útlánamörk Milestone samstæðunnar.

Þá var lánveitingin í andstöðu við lánastefnu Glitnis sem fram kom í 2. gr. framangreindra reglna en þar kom fram að bankinn skyldi leitast við að takmarka með virkum hætti stórar áhættuskuldbindingar, þ.e.a.s. áhættuskuldbindingar sem færu fram yfir 10% af eigin fé. Lausafjárstaða bankans og eign hans á erlendum gjaldeyri á tíma lánveitingarinnar var jafnframt mjög þröng að mati stjórnenda bankans.

Samkvæmt 2. gr. fyrrnefndra reglna bankans um lánveitingar og markaðsáhættu skyldi leggja sérstaka áherslu á að meta m.a. lánshæfi viðskiptamanns, gæði veðandlaga eða annarra áhættutakmarkana. Í útlánahandbók Glitnis sem samþykkt var af áhættunefnd bankans 7. nóvember 2007, sagði í upphafi 1. kafla að skjalið lýsti meginreglum um áhættustjórnun innan Glitnis samstæðunnar. Þá sagði í kafla 8.4. um veð og aðrar tryggingar að Glitnir skyldi almennt leitast við að tryggja sig gegn áhættu eins og mögulegt er í formi veða, ábyrgða, fyrirvara eða annarra áhættutakmarkana. Samkvæmt því bar ákærðu við ákvörðun um lánveitingu að gæta að

formlegum og raunverulegum tryggingum fyrir lánveitingunni og meta verðmæti þeirra með þeim hætti að hagsmunir bankans sem lánveitanda væru tryggðir ef til vanefnda kæmi af hálfu lántaka. Sérstaka aðgát skyldi viðhafa með greiningu á lánshæfi lántaka, gæðum trygginga og öðrum áhættuþáttum. Við útgreiðslu lánsins 8. febrúar 2008 höfðu engar tryggingar verið settar af hálfu lántaka. Eftir það var það að öllu leyti komið undir lántakanda hvort eða að hve miklu leyti yrði bætt úr skorti á tryggingum fyrir endurgreiðslu lánsins. Með framangreindri háttsemi ákærðu var brot þeirra fullframið þar sem Glitni hafði þegar verið valdið verulegri fjártjónshættu.

Gengið var út frá því á fundi áhættunefndar Glitnis 6. febrúar 2008 að lántaki að umræddu láni yrði félag sem ekki væri formlega innan Milestone samstæðunnar og þannig yrði komist fram hjá reglum bankans um bann við stórum áhættuskuldbindingum. Í þessu skyni útvegaði Milestone ehf. félagið Vafning ehf. 7. febrúar 2008. Gengið var svo frá eignarhaldi á Vafningi ehf. að félagið teldist ekki innan Milestone samstæðunnar. Á þeim tíma sem greiðsla til Morgan Stanley varð að fara fram var Vafningur ehf. hins vegar eignalaust félag með 500.000 króna hlutafé og því ekki mögulegt að lána félaginu svo háar fjárhæðir. Eftir að lánsfjárhæðin til Milestone ehf. hafði verið greidd út voru Vafningi ehf. framseld hlutabréf í breska fjárfestingasjóðnum Kjac og í félaginu MacauOneCentralHoldCo., hvoru tveggja í eigu SJ-2 ehf., dótturfélags Sjóvár Almennra trygginga hf., en bæði síðastnefndu félögin voru innan samstæðu Milestone ehf. Til stóð að samið yrði við fyrri eigendur þessara eigna um að krafa þeirra um söluandvirði eignanna gengi á eftir kröfu Glitnis um endurgreiðslu á 102 milljón evra láninu. Ekki hafði verið gengið frá þessum samningi þegar Glitnir veitti Vafningi ehf. 103.718.244 evra lán 12. febrúar 2008 en lánið var í raun yfirtaka á láni Milestone ehf. frá 8. febrúar 2008. Til tryggingar endurgreiðslu lánsins 12. febrúar voru öll hlutabréf í Vafningi ehf. þar sem Vafningur ehf. var ekki með bankareikning í Glitni var lánsfjárhæðin, að frádregnum lántökukostnaði, millifærð á reikning Milestone ehf. 12. febrúar og sama fjárhæð millifærð til Glitnis síðar sama dag.

Endurgreiðsla á láninu til Milestone ehf. kom því að öllu leyti frá Glitni í formi láns til Vafnings ehf. Tryggingastaða Glitnis batnaði hins vegar ekki þar sem kaupverð allra eigna Vafnings ehf. var ógreitt og Glitnir hafði ekki forgangsrétt til andvirðis eignanna.

Gögn málsins bera með sér að látið var líta út fyrir að Vafningur ehf. hefði tekið lánið í stað Milestone ehf. 8. febrúar 2008, með því að dagsetja lánasamninginn milli Glitnis og Vafnings ehf. 8. febrúar 2008. Greiðslugögn og bókhald bankans bera hins vegar með sér lánveitinguna til Milestone ehf. 8. febrúar 2008 og ráðstöfun andvirðisins af reikningi Milestone ehf. til greiðslu láns Þáttar International ehf. hjá Morgan Stanley.

Auðgunarásetningur - Veruleg fjártjónshætta:

Á því er byggt að með ákvörðun ákærðu um lánveitinguna til Milestone ehf., sem leiddi til útgreiðslu á jafnvirði um 10 milljarða króna, hafi fjárhagslegum hagsmunum Glitnis verið stefnt í stórfellda hættu. Almennar reglur Glitnis banka hf. um lánveitingar og markaðsáættingu voru til að draga úr hættu á útlánatapi og áhættu í rekstri bankans. Eðli málsins samkvæmt voru brot á reglunum til þess fallin að valda bankanum verulegri hættu á fjártjóni. Ákærðu, sem áttu sæti í


áhættunefnd bankans, þar að rækja störf sín við ákvörðun lánveitinga í samræmi við þessar reglur og þær settu skýran ramma um störf þeirra og heimildir. Milestone ehf. var á þeim tíma sem lánið var veitt í verulegum greiðsluferðleikum og félagið var úrskurðað gjaldþrota 18. september 2009, að undangengnum nauðasamningsumleitunum. Með því að taka ákvörðun um að lána svo gríðarlega háa fjárhæð án nokkurra trygginga og í andstöðu við reglur bankans um hámark heildarlánveitinga til eins aðila var ákærðu eða hlaut að vera ljóst að þeir voru að stefna miklum fjármunum bankans í stórfellda hættu. Við útborgun lánsins höfðu ákærðu engar raunhæfar ráðstafanir gert til að koma í veg fyrir eða draga úr hættu á að ákvörðun þeirra leiddi til tjóns fyrir bankann. Með ákvörðun sinni fór ákærði Lárus einnig á svig við 76. gr. hlutafélagalaga nr. 2/1995 þar sem ákvörðun hans var til þess fallin að afla Milestone ehf. ótilhlýðilegra hagsmuna á kostnað hluthafa bankans og bankans sjálfs.

Tjón Glitnis banka hf.

Sem fyrr segir endurheimti Glitnir ekki lánsfjárhæðina sem greidd var út til Milestone ehf. 8. febrúar 2008. Láninu var velt yfir á Vafning ehf. án trygginga í öðru en 500.000 króna hlutafé einkahlutafélagsins og áður en gerðar höfðu verið raunhæfar ráðstafanir til að tryggja endurgreiðslu fjárins. Tryggingarstaða Glitnis batnaði því ekki við þessi skuldaraskipti og fjártjónshætta bankans minnkaði ekki. Lánafyrirgreiðsla Glitnis frá 8. febrúar 2008, hefur ekki fengist endurgreidd bankanum nema að því leyti að einkahlutafélagið Svartháfur ehf., tók lán hjá Glitni 29. febrúar 2008, að fjárhæð um 188 milljónir evra, sem félagið lánaði af 50 milljónir evra til Vafnings ehf. þann sama dag sem gekk upp í skuld Vafnings ehf. við Glitni. Hvorki Vafningur ehf. né Svartháfur ehf. endurgreiddu Glitni að öðru leyti þau lán sem um ræðir. Félögin Vafningur ehf. og Svartháfur ehf., stóðu utan við félagasamstæðu Milestone ehf. Hvorugt félaganna var með starfsemi og þau höfðu ekki bankareikning hjá Glitni. Þau þjónuðu þó mikilvægu hlutverki við uppgreiðslu lána Milestone samstæðunnar hjá Morgan Stanley.

Sú ákvörðun ákærðu að lána Milestone ehf. 8. febrúar 2008 leiddi því til gríðarlegs fjártjóns fyrir bankann og nemur tjónið a.m.k. 53.718.244 evrum. Lánveitingin átti þátt í að Glitnir féll í byrjun október 2008 með mjög alvarlegum afleiðingum fyrir kröfuhafa, ríkissjóð og almenning á Íslandi. Óhjákvæmilegt er því að líta svo á að brot ákærðu hafi verið stórfellt. Háttsemi ákærðu beindist að verulega miklum verðmætum og olli mjög mikilli fjártjónshættu. Eru sakir ákærðu svo miklar að við broti þeirra liggur allt að 6 ára fangelsi.

Embætti sérstaks saksóknara, Reykjavík 14. desember 2011,


Hólmsteinn Gauti Sigurðsson, saksóknari

